

## Yfirlýsing Stúdentaráðs Háskóla Íslands vegna stjórnarsáttmála nýrrar ríkisstjórnar

Ríkisstjórnarbreytingar hafa áhrif á forgangsröðun verkefna og áherslumál. Við þær gefst tækifæri til að taka upp ný mál og þróa hugmyndir samhliða því að önnur njóti áframhaldandi stuðnings. Mikilvæg hagsmunamál sem stúdentar hafa haldið á lofti undanfarin misseri verða að vera áfram í forgrunni. Stúdentaráð er bjartsýnt um að ný ríkisstjórn, og ráðherrar þeirra málaflokka sem snerta stúdenta, leggi upp úr góðu samráði við stúdentahreyfinguna að sameiginlegum markmiðum.

Það eru ákveðin tækifæri fólgin í því að háskólastigið sé aðskilið og heyri nú undir sérstakt ráðuneyti vísinda, iðnaðar- og nýsköpunar. Rannsóknarstarfsemi er eitt meginhlutverk háskólanna enda leiðir hún af sér hagnýtar uppgötvanir, ný atvinnutækifæri og þekkingu sem skilar sér út í samfélagið. Þó ber að hafa í huga að hlutverk háskólamenntunnar er ekki einungis að skila einstaklingum út í atvinnulífið. Háskólanám er fyrst og fremst vettvangur frjálsrar þekkingarleitar, gagnrýnnar hugsunar og tengsla við samfélagið. Ólík fræðasvið og fjölbreyttar námsleiðir eru því grundvöllur farsælla framfara, því aðkallandi áskoranir næstu ára krefjast útsjónarsemi og þverfræðilegs samstarfs. Mikilvægi háskólastigsins er ekki vafaatriði enda er málaflokkurinn umsvifamikill og forgangsröðun hans verður að vera í samræmi við það.

Trygg fjármögnun skiptir höfuðmáli og er forsenda þess að háskólarnir geti sinnt grunnstarfsemi sinni. Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2022 gerir ráð fyrir tímabundnu fjárframlagi til háskólastigsins til að mæta fjölgun háskólanema vegna kórónaveirufaraldursins. Það er hins vegar lykilatriði að auknar fjárveitingar séu varanlegar til að styrkja menntakerfið okkar til frambúðar. Því þykir Stúdentaráði það ánægjulegt að í stjórnarsáttmálanum sé það tekið fram að fjármögnun háskólastigsins skuli vera í samræmi við áætlanir Vísinda- og tækniráðs, í takt við áherslur Stúdentaráðs og Háskóla Íslands. Aftur á móti er það miður að í honum sé ekki fjallað með betri hætti um Menntasjóð námsmanna sem bíður annarrar heildarendurskoðunar á þessu kjörtímabili. Stúdentaráð hefur verið staðfast í kröfum sínum um nauðsynlegar breytingar sem gera þarf á sjóðnum, þá sér í lagi hækkun á grunnframfærslu framfærslulána sem tekið er mið af í fjármálaáætlun 2022-2026.

Stúdentaráð bindur vonir við að ofangreind mál sem og önnur brýn hagsmunamál stúdentahópsins, t.a.m. endurskoðun atvinnuleysistryggingakerfisins og að námsfólk geti talist tryggt innan þess, hljóti þann hljómgrunn sem þau eiga skilið á kjörtímabilinu. Þá þakkar ráðið fráfarandi mennta- og menningarmálaráðherra og fráfarandi ríkisstjórn fyrir samstarfið síðustu fjögur árin.